

Nd.

316. Frumvarp til laga

[90. mál]

um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. febr.).

Samhljóða þskj. 110 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

10. gr. laganna orðist svo:

Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og ekki yngri konur en 18 ára við vinnu á skipi, nema um skólaskip sé að ræða.

Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og ekki mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæzlu.

Enginn má hefja starf á skipi, nema hann hafi gengið áður undir læknisskoðun.

12. gr. hljóðar svo:

23. gr. laganna orðist þannig:

Fækki skipverjum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.

Fækki stýrimönnum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli skipstjóra og stýrimanns, eða stýrimanna, í hlutfalli við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.

14. gr. hljóðar svo:

29. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. málsgr. orðist svo:

Ef skipverji deyr, skal skipstjóri gera útför hans sæmilega. Ef líkbrennsla fer fram, ber skipstjóra að sjá um heimsendingu öskunnar.

b. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Skipstjóri skal tafarlaust tilkynna maka, ef til er, en ella nánasta ættingja andlát skipverja og hafa samráð við þá, eftir því sem föng eru á, um þær ráðstafanir, sem að framan greinir.

44. gr. hljóðar svo:

Ákvæði laga þessara um réttindi skipverja skulu í engu skerða fyllri rétt þeirra samkvæmt kjarasamningum.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1963. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 36 27. júní 1941, og breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.